

Í reglugerð 103/2010 um almennar kröfur til matvælafyrirtækja er ekki krafist læknisvottorða við ráðningu starfsmanna. Það telst hins vegar til *góðra starfshátta* í matvælafyrirtækjum að koma í veg að starfsmenn sem haldnir eru sjúkdómum, sem geta borist með matvælum, vinni við eða meðhöndli matvæli.

Fræðsla

Það er á ábyrgð stjórnenda matvælafyrirtækja að starfsmenn fái fræðslu um þá hættu að þeir geti dreift sjúkdómsvaldandi bakteríum með matvælum séu þeir með þannig smit. Yfirmaður eða trúnaðarlæknir fyrirtækisins skal fara með starfsmanni yfir reglur sem gilda varðandi sjúkdóma sem geta borist í matvæli. Sá sem er með slíkan sjúkdóm skal ekki meðhöndla eða framreiða matvæli.

Heilsufarsyfirlýsing

Starfsmenn skulu fylla út heilsufarsyfirlýsingu í samráði við yfirmann eða trúnaðarlækni fyrirtækisins, óski þeir þess. Matvælastofnun hefur gefið út eyðublað fyrir heilsufarsyfirlýsingu sem fyrirtækjum er heimilt að nota. Með undirritun heilsufarsyfirlýsingar skuldbindur starfsmaður sig til að láta vita ef hann hefur grun um að hann sé með sjúkdóm sem getur borist í matvæli.

Smitandi örverur

Dæmi um örverur sem geta borist í matvæli frá starfsmönnum séu þeir með smit eru kampýlobacter, *E. coli*, listeria, salmonella og veirur (nóróveirur). Einkenni sýkinga af völdum þessara örvera eru oftast uppköst og/eða niðurgangur. Starfsmenn með þannig einkenni mega ekki meðhöndla matvæli þar sem hætta er á þeir geta mengað matvælin. Það er einnig hætta á að smit (*Staphylococcus aureus*) berist í matvæli ef starfsmenn eru með smitandi húðsjúkdóma og ígerð.

Hvenær má hefja vinnu aftur

Í flestum tilfellum getur fólk mætt til vinnu þegar það er einkennalaust. Þó ber að hafa í huga að hafi menn greinst með salmonellu, shigellu, sjúkdómsvaldandi *E.coli*, eða hafa grun um slíkt, mega þeir ekki vinna við matvæli fyrr en sýnt hefur verið fram á að þeir séu ekki lengur smitberar. Hafa ber samráð við sóttvarnarlækni / lækni í slíkum tilfellum. Ef starfsmenn hafa verið með nóraveirusýkingu eða hafa grun um slíkt skulu þeir ekki mæta til vinnu fyrr enn þeir hafa verið einkennalausir í 48 tíma. Í sumum tilfellum er hægt að flytja starfsfólk til í starfi þar til það er að fullu frískt.

Heilsufarsskýrslur

Heilsufarsskýrslur má nálgast á vef Matvælastofnunar undir *Eyðublöð*.